



Kæru lesendur og auglýsendur

Hlaupastelpan kemur út á miðvikudögum og auglýsingum þarf því að skila á mánudögum

**fyrir kl. 15:00. ☺**

Verð hálsíðu er  
Verð heilsíðu er

kr.3.200.-m.vsk  
kr.4.300.- m.vsk

[hlaupastelpan@isl.is](mailto:hlaupastelpan@isl.is)—895-3386



## Frá Stórutjarnaskóla

**Stórutjarnaskóli verður settur  
fimmtudagskvöldið 25. ágúst nk. kl 20:00.**

*Allir hjartanlega velkomnir*

*Skólastjóri*

## ATVINNA Í BODI

Nú fer sumri að halla og þá fer sumarstarfsfólkið okkar að hugsa sér til hreyfings. Vð erum af því tilefni að leita okkur að starfsfólki bæði í heilsársstörf og tímabundin störf. Um er að ræða 100% störf og einnig hlutastörf sem gætu hentað sumum. Vinnutími er sveiganlegur og eftir samkomulagi. Ef þú veist um einhvern sem er að leita að nýjum starfsvettfangi þá endilega deildu og hjálpaðu okkur að finna rétt fólk í Lobbý, sal, næturvakitir ásamt aðila í viðhald og ferðir (skutl í flug og snjósleðaferðir).

Hafið samband við Ásdísi í síma 464-4164 eða 861-0274 [asdis@myvatn.is](mailto:asdis@myvatn.is)



## Húsaleigubætur – Námsmenn athugið!



Nú eru skólar að byrja og þeir námsmenn sem munu dvelja á heimavist eða leigja sér húsnæði í vetur eiga rétt á húsaleigubótum. Umsóknir þurfa að berast tímanlega til skrifstofu Þingeyjarsveitar eða eigi síðar en **15. dag fyrsta greiðslumánaðar**.

Til þess að hægt sé að afgreiða húsaleigubæturnar þarf sveitarfélagið jafnframt að fá frumrit af **þinglýstum húsaleigusamningi** auk **staðfestinga á námi**. Þeir sem eru að sækja um húsaleigubætur í fyrsta sinn þurfa jafnframt að framvísa **staðfestu afriti af skattframtali sl. árs**.

Vinsamlegast athugið að hægt er að senda inn umsókn þó svo að nauðsynleg fylgigögn vanti. Umsóknin gildir þá frá þeim degi sem hún berst skrifstofu sveitarfélagsins, en húsaleigubætur verða ekki afgreiddar fyrr en öll nauðsynleg gögn hafa borist.

Umsóknareyðublað má finna á [www.thingeyjarsveit.is](http://www.thingeyjarsveit.is) og á skrifstofu sveitarfélagsins við Kjarna. Nánari upplýsingar veitir Margrét í síma 464-3322 [margret@thingeyjarsveit.is](mailto:margret@thingeyjarsveit.is)



## FLOKKUR FÓLKSINS LEITAR EFTIR ÖFLUGU HUGSJÓNAFÓLKI Í FRAMBOÐ.

Á framhaldstofnfundi sem haldinn verður í Reykjavík 10.sept.n.k. verður leitast við að ganga frá framboðslistum í öllum kjördæmum landssins. Kallað er eftir baráttu og hugsjónarfólki sem vil berjast fyrir réttlæti á Íslandi og afnema þá lögbundnu mismunun sem á sér stað milli ríkra og fátækra.

Hugsjónafólk sem vill auðlindir okkar í þjóðareign, vill gera öllum kleyft að eignast þak yfir höfuðið, vill afnema allar skerðingar á áunnum lífeyrisréttindum okkar, vill aðskilnað viðskipta og fjárfestingabanka, vill stórefla heilbrigðis- og velferðakerfið þar sem öllum er tryggt að koma og réttur til mannsæmandi lífs.

Baráttan snýst um rétt barna, og þeirra eldri borgara og öryrkja sem festir hafa verið í fátækragildru, rétt þeirra eldri borgara og öryrkja sem festir hafa verið í fátækragildru, rétt þeirra sem eiga fjármuni sína lífeyrissjóði og tekinn eignarnámi án dóms og laga, rétt til að geta fjármagnað eigin íbúðakaup eins og gerist best í löndunum í kringum okkur.

Stjórn FLOKKS FÓLKSSINS óskar eftir að fólk sem vill taka þátt í þessari baráttu og tekur undir stefnu flokkssins, tilnefni það sæti sem það er tilbúið að taka á listum hans og hvetur til samstöðu um baráttuna sem fæst við niðurröðun á lista.

Þessa dagana erum við að leita eftir meðmælendum þannig að við getum boðið fram í þessu kjördæmi. -til þess þurfum við 370 manns.

Vinsamlegast hafið samband við Örn Byström, Einarstöðum sími 8208240-eða 4641643

Með vinsemd.

## Auglýsing um starf

Þingeyjarskóli auglýsir eftir starfsmanni til vinnu við leikskóladeildina Barnaborg við Þingeyjarskóla.

Leitað er eftir öflugum starfsmanni er getur tekið að sér þrif, aðstoð í eldhúsi og önnur tilfallandi störf inn á deildinni.

Um 100% starfshlutfall er að ræða veturinn 2016/2017

Vinnutími er á milli 9 og 17

Gerðar eru kröfur um mikla hæfni í mannlegum samskiptum, stundvísi og hreint sakavottorð.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir Jóhann Rúnar Pálsson, skólastjóri Þingeyjarskóla.

Netfang: [johannrunar@thingeyjarskoli.is](mailto:johannrunar@thingeyjarskoli.is) Sími 4643580



## Frá Bókasafninu í Stórutjarnaskóla.

Frá og með 25. ágúst verður safnið opið tvisvar í viku, eins og verið hefur.

Á þriðjudögum frá kl. 14:30 - 16:30 og á

fimmtudögum frá kl. 19:30 - 21:30.

Hlakka til að sjá ykkur.

Bókavörður.

## Ferð Félags eldri borgara í Þingeyjarsveit, F.E.B.Þ.

Áætlað er að fara 7. september til Hríseyjar.

Rúnar ekur okkur að Árskógssandi og þangað reiknum við með að koma kl 11:30. Þar verður farið í ferjuna sem kostar 750 kr. á mann báðar leiðir. Rúnar verður við Ýdali kl.9:15, Breiðumýri kl. 9:30, Fosshóli kl. 9:45 og Stórutjarnaskóla kl. 10:00.

Fyrir þá sem vilja er ferð um eyjuna með vagni aftan í dráttarvél sem tekur 40 mínútur, en hægt að stytta hana. Hún kostar 650 kr. á mann.

Í boði er að skoða tvö söfn. **Holt**, hús Öldu Halldórsdóttur og þar eru m.a. hannyrðir og hús **Hákarla- Jörundar**. Það kostar 250 kr. í hvort safn.

Í nýju veitingahúsi sem heitir **Verbúð 66** fáum við hádegismat.

Öll verðin eru miðuð við eldri borgara.

Áætluð heimferð er kl. 17.

Heildarkostnaður verður um 10.000 kr, en nánari upplýsinga um verð koma í Hlaupastelpunni 1. sept.

Vinsamlega látið vita í síðasta lagi 28. ágúst til einhvers eftirtalinna

Aníta í síma 4643286

Áskell í síma 4643212

Þuríður í síma 4643237



### Kæru íbúar Þingeyjarsveitar

Nú styttest í að sorptunnum verði dreift á öll heimili í sveitarfélaginu. Við byrjum dreifingu laugardaginn 27.08. Búast má við að dreifing taki allt að hálfan mánuð. Hvert heimili sem greiðir sorphirðugjald fær 3 tunnur. 1 með bláu loki undir pappírsefni. 1 tunna með grænu loki undir plast umbúðir og málma og sú 3 undir sorp til urðunar. Nánari upplýsingar um flokkun er að finna í bæklingi sem dreift var í vetur og á heimasíðu sveitarfélagsins [www.thingeyjarsveit.is](http://www.thingeyjarsveit.is) og heimasíðu Gámaþjónustu Norðurlands [www.gþn.is](http://www.gþn.is). Mikilvægt er að finna ílátum góðan stað með tilliti til fohættu og aðgengis. Okkar starfsmenn munu reyna að hitta á heimilisfólk þegar dreift er og svara spurningum sem mögulega vakna. Eins er gott að senda fyrirspurnir og óskir um t.d stærri ílát á [nordurland@gamar.is](mailto:nordurland@gamar.is). Síminn hjá okkur er 4140200 og við reynum að greiða skjótt úr málum sem koma upp. Fyrsta hreinsun er ráðgerð í viku 38 þann 20 og 21 september þá á sorpi til urðunar í annað hólf bílsins og pappírsefnum í hitt. Munaðarlausir gámar í sveitinn verða fjarlægðir uppúr því. Sorphirðudagatal verður svo útbúið að fyrstu hreinsun lokinni.

Kær kveðja

Gámaþjónusta Norðurlands

34.tbl.  
24. ágúst  
2016  
23. árg.

## Hlaupastelpan

[hlaupastelpan@isl.is](mailto:hlaupastelpan@isl.is), s:4643366/gsm:8953386



# ÞINGEYINGUR!

NÝR GAMANLEIKUR Í EINUM ÞÆTTI



### SÝNINGAR

Sunnudaginn 28. ágúst : Sólvangur á Tjörnesi kl. 16:00  
Samkomuhúsið á Húsavík kl. 20:00  
Mánudaginn 29. ágúst: Breiðamýri í Þingeyjarsveit kl. 20:00



AFTUR HEIM

Miðapantanir: [hrafnstjarna@gmail.com](mailto:hrafnstjarna@gmail.com) og í síma 847-6921

Nánari upplýsingar má finna á [www.facebook.com/hrafnstjarna](https://www.facebook.com/hrafnstjarna)